

Fundur 26.4.2021 Kristmundur Bóndi.

Góða kvöldið.

Já góða kvöldið.

Heilsa ég ykkur á gamla Íslandi.

Sæll vertu þú líka

Já þakka ég fyrir.

Margs er að minnast og furðulegt til þess að hugsa hversu margbreytilegar eru þær upplifanir á lífsleiðinni á hverri framlífs jörð og furðulegt að vita til þess að afkomendur fari til svo margra hnatta sem raun ber vitni og upplifi svo margt misjafnt.

Er okkur það ljóst að mikilvægt er framlífið og mun það skipta sköpum fyrir framvindu á fleiri jörðum hvernig til tekst og ætlaði ég í kvöld að segja frá störfum mínum á framlífs jörð og líforkunni.

Finn ég að ég gæti þurft að tala styttra en til stóð.

Ætla ég þó að reyna að segja nafn mitt. Var ég bóndi á Íslandi, Kristmundur.

Kristmundur, vertu velkominn.

Þakka þér fyrir.

Er það merkileg framlífs reynsla að rifja upp.

Falleg sveitin mín og var þannig umhverfið á síðustu framlífs jörð. Hef ég nú í þessu lífi sinnt öðrum verkefnum.

Verð ég að kveðja ykkur að sinni reyni að koma aftur síðar.

Verið þið sælir.

Vertu velkominn aftur.